

AÐSENDAR GREINAR


Þjóð í hlekkjum hugarfarsins

SVOFELLDUM

orðum fer Árni Björnsson um þáttagerð mína, Þjóð í hlekkjum hugarfarsins: „Ekki þurfti neitt fjögurra stunda sjónvarpsrúgl til að benda á fátækt og kúgun íslenskrar alþýðu, sem lesa má í öllum haldbærum heimildum um sögu Íslands. Í fyrrnefndum þáttum var hinsvegar að einu leyti brotið gegn allri sagnfræðilegri skynsemi: Vöðaverk, sem getið er í annálum, af því að þau eru óvenjuleg og þessvegna annálsvörð, voru túlkuð sem almenn regla og af því dregnar rangar ályktanir.“ (Mbl. 14. mars 1997).

Undir þessu fleipir mun ég ekki lengi sitja. Ég lét kyrrt liggja þegar ýmsir góðir drengir helltu úr skálum reiði sinnar yfir þættinum, þá er þeir voru sýndir fyrir fjórum árum, því vissulega var þeim nokkur vorkunn, að horfa upp á glansmyndir fortíðar tættar sundur fyrir augnum á þeim. Allan slíkan reiðilestur hef ég löngu fyrirgefið, en þegar sjálfskipaðir jólasveinafræðingar ríða nú í hlað með skætingi og lygum, þá verður ekki undan því vikist að seilast í birkihrísluna góðu.

Númer eitt: annálar voru alls ekki saman teknir með það eitt fyrir augum, að tína til atburði sem voru óvenjulegir – og því „annálsvörðir“. Annálum svipar til dagblaða nútímans að því leyti, að þar ægir saman margskyns fróðleik, sem hver höfundur fyrir sig vildi



Baldur Hermannsson

halda til haga: skipakomum, dauðsföllum háklerka, jarðadeilum, kvennafari, framhjáhöldum, barnsfæðingum, skipan biskupa, sjóslysum, hungursneyðum, harðærum, veðurfari, grasbeit, aflatölum, réttarhöldum og refsingum, morðum, vígaferlum konunga og barúna í fjórrum löndum, og miklu fleira.

Par er jafnvel að finna hálföldings gamansögur, svo sem þegar kerling ein afgömul en vel efnuð varð sér úti um yngissvein nokkurn, giftist honum og lagði í rekkju sína, en skiladi honum síðan fyrir þær sakir, að hann gagnaðist henni eigi, svo sem eiginmönnunum bæri skylda til.

Megnið af atburðum annála er þess kyns, að þeir heyra til hinum volduga fláumi mannlífs á hverjum tíma, og höfundar vildu síður að gleymdust.

Annálana notaði ég einkum, þá er ég vildi draga upp lifandi myndir af a) sjóslysum við Íslandsstrendur, hlutskipti vermannna og þeirra kvenna er misstu ástvinu í hafdjúpum köldu; b) hungursneyðum, föruþolki, þegar þúsundir manna týndu lífi í hrikalegu hagkerfi, sem ég nefndi „hagkerfi dauðans“; c) réttarfari og dómsmálum.

Nú skal ég ekki lengi brjóta heilann um hvaða munur kann að vera á skynsemi og því sem Árni kallar „sagnfræðilega skynsemi“, en hins vil ég biðja menn lengstra orða, að

Árni hefur löngum farið með einskisvert fleipur, segir Baldur Hermannsson. Og uppskorið lítinn hróður.

rugla þáttum mínum aldrei saman við þá fræðigreini, sem iðkuð er í háskólum víða um lönd og heitir sagnfræði. Þáttahöfundur í sjónvarpi getur stundum fært sér í nyt ýmislegt af því sem sagnfræðingar iðja, en hann má ekki feta í fótspor þeirra – þá er eins víst að úr verði önnur eins hörmung og þátturinn sem Ólafur Harðarson gerði um Hermann Jónasson, og sýndur var um áramótin. Hermann var mikilsáttar maður og átti betra skilið en það afstyrm.

Þá segir Árni, að ég hafi dregið margar skrítnar ályktanir af þeim atburðum annála, sem ég tilgreindi. En það er rangt. Hið rétta er, að ég nýtti atburði annála til þess að vekja upp raunsannar myndir af ástandi og skipan mannlífsins, svo sem ég vendilega skýrði í þulartexta og fór ekki framhjá neinum, er hlýddi.

Það sem Árni kallar skrítnar ályktanir, munu vera þær kenningar ágættra fræðimanna, sem ég studdist við og tíundaði skipulega, en hann hefur ekki þekkt sökum þess að hann er illa lesinn.

Árni ætti að þekkja af eigin raun, að gagnrýni verður ávallt að setja fram skilmerkilega og skipulega, en ekki í flaustr og af illfýsi einni saman. Hann mætti minnast þess,

er hann sjálfur lá undir hörðum ádrepu fyrir að taka sér titilinn „þjóðháttfræðingur“, þvert gegn vilja menntaðs fólks, sem sýndi fram á að hann hefði ekki tilskilinn lærdóm, og eins, er hann krikaði sér út doktorstitil fyrir ýmiskonar samtíning, sem hann hafði víða birt áður undir ýmsum nöfnum – sú gráduveiting þótti mörgum fara í bága við reglur Háskóla Íslands, og varð honum til lítillar sæmdar. Sú gagnrýni var einmitt vel fram borin, og hefði Árni betur lært af henni.

Ritsmiðar Árna eru allajafna einhverskonar reytingur og musl, naslað saman úr skræðum og skjólum annarra manna, saman rekið af lítilli andagift og hvergi hef ég fundið þar votta fyrir nýjum skilningi, nýrri innsýn eða neinu því sem aðrir menn hefðu ekki getað gert betur.

Raunar fer það jafnan svo, þá er á vegi mínum verða ritsmiðar Árna Björnssonar, svo sem Vættafál, að brjóst mitt fyllist sárum trega, því mér verður þá hugsað til þess, hvað úr slíkum efnivið mætti gera, ef að verkinu gengi gáfaður maður, vel menntaður, gæddur djúpri tilfinningu fyrir örlögum og sögu þjóðar okkar, laus við hroka og hverskyns fábjanaskap.

Ég nefni sem dæmi og fyrirmynd „Myth, Legend and Romance – an Encyclopædia of the Irish Folk Tradition“, eftir D. Ó hÓgáin. Þannig bók þyrfti einhver vel menntaður og vandaður fræðimaður að semja um vættir Íslands og uppruna þeirra daga, sem oss þykja merkilegar á mannsævinni.

Eins og hendir drýðið fólk þykir Árna hlýða að varpa fram skilgreiningu á sjálfum sér í blaðagreininni, ungu fólki til uppfræðslu. Hann er að eigin sögn, „Maður sem hefur bráðum lifað tvo þriðju hluta 20. aldar og auk þess grúflað helming þess tíma í svokallaðri menningar sögu...“.

Nú er það svo, að ekki ferst mér að dæma Árna í þessu efni, því sjálfur læt ég fá tækifæri ónotuð til þess að hreykja mér af elli minni gagnvart þeim sem yngri eru, og

hef oft gaman af viðbrögðum þeirra gagnvart svo heimskelegu karla-grobbi.

En Árni verður að geta þess jafnframt, svona til þess að auka skilgreininguna og uppfræða ungu kynslóðina nánar um fyrirbærið Árna Björnsson, að þá hundstið sem hann hefur flakkað hér um jörðu, hefur hann löngum farið með einskisvert fleipur og uppskorið lítinn hróður.

Hann varð snemma gegnsýrður af viðbjóðslegustu firru aldarinnar, kommúnisma, og var henni handgenginn síðan. Hvað ætli standi nú eftir allar skammarræðurnar hans Árna, blaðagreinarnar, Keflavíkur-göngurnar, frumhlaupin á fundum, rausið í útvarpi og sjónvarpi, árárnar á hina og þessa sem ekki hafa neitt til þess unnið?

Sannleikurinn er auðvitað sá, að framvinda tímans hefur leikið Árna Björnsson og hyski hans þannig, að hann stendur úti á berangri ber-rassaður og flengdur, ævistarf hans lítið að vöxtum, sálarlaust og flatneskjulegt, og hefði miklu betur verið unnið af öðrum mönnum.

Getur nokkur vænst þess, að maður sem var svo herfilega glámskyggn á atburði og mannlíf samtímans, sé á nokkurn hátt fær um að meta þá atburði og mannlíf, er fjær liggja í tímanum, ég bara spyr?

Sigurjón Baldur Hafsteinsson mannfræðingur fær leiðinlegar glósur í grein Árna og mun ég ekki taka upp hansann fyrir hann. Ég stend í þakkarskuld við þennan unga, gáfaða fræðimann, fyrir djúphugsaða greiningu á efni og efnistöfum þáttanna. Ritsmiðar hans bera vitni um innsæi og nýstárlega, spennandi vinnuáðferð, sem ég hef fulla trú á að eigi eftir að dýpka skilning okkar á fortíðinni og því lífi sem við lifum hérna.

Ekki veit ég hvort það kemur illa við hann að verða fyrir svo dólgslegu áreiti, en þá má hann minnast þess sem sagan kennir, að Árni Björnsson hefur alltaf rangt fyrir sér.

Höfundur er edlisfræðingur.

Útgerðin fylgir ábyrgri fiskveiðistefnu

ÞEIR sem kynna sér fiskveiðar og sögu þeirra héraðs og í öðrum löndum gera sér fljótt grein fyrir því hversu mikilvæg ábyrg fiskveiðistefna er, bæði fyrir ástand fiskimiðanna og fyrir afkomu útgerðar og alls almennings. Án ábyrggrar fiskveiðistefnu eru fiskistofnar í niðurníðslu og arðsemi sjávarútvegs mun minni en efni standa til.

Með ábyrgri fiskveiðistefnu er leitast við að nýta fiskistofnana á sjálfbærann hátt með sjónarmið góðrar umgengni um fiskimiðin að leiðarljósi. Byggt er á vísindalegri ráðgjöf um auðlindanýtingu og nauðsynlegrar varúðar gætt. Arðsemi til langs tíma lítið er gert hærra undir höfði en stundarhag.

Ábyrg fiskveiðistefna birtist fyrst og fremst í árangursríkri stjórn fiskveiða. Einnig skiptir miklu máli hvaða reglur menn setja sér varðandi umgengni um fiskimiðin. Í báðum þessum atriðum hafa íslenskir útgerðarmenn stutt viðleitni stjórnvalda til framfara um langt árabil og oftan er ekki átt framkvæði að úrbótum. Í þessum efnum höfum við farið langan veg á síðustu tveimur áratugum og væntum þess að gera



Kristján Þórarinnsson

ennþá betur á komandi árum.

Hæfilegur affli

Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var komið á í áföngum á árunum 1983-1996. Í upphafi samþykktu útgerðarmenn að láta yfir sig ganga skerðingu á fiskveiðirétti til bráðabirgða vegna þess að þeir töldu nauðsyn á sakir bágs ástands þorsstofnsins. Nú er komið á almennt aflamarkskerfi sem dugur vel við að

takmarka söknina í þorskind. Árangurinn leynir sér ekki í batnandi ástandi þorsstofnsins.

Ákvarðanir um leyfilegan hámarksaflla þorsks lúta nú svokallaðri aflareglu. Reglan byggist á því að þorskafli skuli alla jafna vera sem nemur fjórðungi af mældri stærð veiðistofns. Notkun þessarar aflareglu var samþykkt í ríkisstjórn að fenginni tillögu sérfræðinga og með fullum stuðningi samtaka útvegsmanna. Reglan var valin á grundvelli rannsókna sem bentu til að hún bæði stuðlaði að hámarks arði af þorskveiðum til lengri tíma lítið og dragi mjög úr líkum á hruni í þorsstofninum.

Með tilkomu aflareglunnar má segja að ákvarðanir um þorskaflla byggist á faglegum grunni og séu

Ábyrg fiskveiðistefna er, segir Kristján Þórarinnsson, ein helsta stoð efnahagsbatans á Íslandi.

hafnar yfir skammtímasjónarmið og pólitískt dægurþras.

Fiskvernd

Auk aflatakmarkana felur fiskveiðistefnan í sér ýmsar ráðstafanir sem stuðla að góðri umgengni og skynsamlegri nýtingu auðlindarinnar.

Sumarið 1993 var helstu uppeldissvæðum þorsks lokað fyrir veiðum með reglugerð sjávarútvegsráðherra og stendur sú lokun enn. Tilgangurinn var að vernda tvo skárstu þorskárangana í röð margra lélegra árganga – árgangana frá 1989 og 1990 – frá ótímabærum veiðum áður en fiskarnir hefðu tekið út eðlilegan vöxt og lagt sitt að mörkum til hrygningar. Samtök útvegsmanna áttu frumkvæði að þessum aðgerðum og studdu ákvörðun stjórnvalda í því. Árangur þessara lokana er nú að koma fram í mikilli gengd fiska úr þessum árgöngum á hrygningarstöðvarnar við landið sunnan- og vestanvert í vetur.

Útvegsmenn hafa einnig beitt sér fyrir svonefndu hrygningar-

stoppi, en með því er átt við stöðvun þorskveiða í hálfan mánuð í annarri og þriðju viku apríl meðan hrygningin er í hámarki.

Veljandi veiðarfæri

Útvegsmenn hafa einnig stuðlað að notkun veiðarfæra með sem mestri kjörhæfni, en með því er átt við að veiðarfærin veiði helst þann fisk sem þeim er ætlað að fanga en sleppi öðrum fiskum. Þannig nota íslenskir togarar stærri móska í poka botnvörpu en þekkist á öðrum þorskveiðisvæðum, en stórir móskafer stóla að því að smáfiskur sleppi óskaddaður úr veiðarfærinu. Einnig hafa útvegsmenn beitt sér fyrir notkun smáfiskaskilju við botnfiskveiðar, en notkun smáfiskaskilju fer nú mjög í vöxt í íslenska togaraflothanum.

Seiðaskilja er nú notuð við allar úthafsækjuveiðar og þess vegna sleppa flest öll fiskseiði út úr rækjutröllu og aðeins rækjan verður eftir. Þetta er mikil framför frá því fyrir aðeins fáum árum þegar umtalsverður fjöldi karfaseiða var drepinn við rækjuveiðarnar. Mörg fleiri dæmi eru um nýlegar umbætur í kjörhæfni veiðarfæra íslenska fiskiskipaflokans.

Góð umgengni

Lög um umgengni um nytjastofna sjávar voru samþykkt á Alþingi vorið 1996. Lögum þessum er m.a. stefnt gegn brottkasti fiska, veiðum umfram veiðiheilmildir og löndun afla framhjá vigt. Löginn kveður á um skyldur þeirra sem koma að fiskveiðum, löndun afla og vigtun og eftirliti með veiðum og löndun. Brot á lögnum eru refsiverð með sviptingu veiðileyfis skips, sektum og jafnvel varðhaldi. Samtök útvegsmanna tóku virkan þátt í undirbúningi lagafrumvarps-

ins og hvöttu til samþykktar þess á Alþingi.

Stuðningur við rannsóknir

Útvegsmenn og samtök þeirra hafa stutt rannsóknir á fiskistofnum með margvíslegum hætti, m.a. með beinum fjárframlögum til mikilvægra verkefna og einnig með því að aðstoða sérfræðinga Hafrannsóknarstofnunar við öflun sýna úr afla á sjó. Hugur útvegsmanna til hafrannsóknna kemur best fram í nýlegri samþykkt stjórnar LÍÚ þess efnis að sjávarútvegurinn skuli kosta gerð nýs hafrannsóknaskips.

Niðurlag

Ábyrg fiskveiðistefna er ein helsta stoð efnahagsbatans á Íslandi á undanföllum árum. Stefna byggist m.a. á ítrekuðum samþykktum aðalfunda Landssambands íslenskra útvegsmanna og samþykktum stjórnar samtakanna mörg undanfarin ár.

Ábyrg fiskveiðistefna er forsenda sjálfbærrar nýtingar fiskimiðanna og varðveitir auðlindina óskerta handa komandi kynslóðum.

Af og til koma fram á vettvangi stjórnmálanna hugmyndir um að víkja frá ábyrgri fiskveiðistefnu og láta skammtímasjónarmið ráða – taka forskot á sæluna og heimila óvarlega mikinn þorskafla. Samtök útvegsmanna styðja ekki slík sjónarmið heldur halda fast við ábyrga fiskveiðistefnu.

Það er óvíska í heiminum sem útvegsmenn gera sér eins góða grein fyrir mikilvægi ábyrggrar fiskveiðistefnu og veita slíkri stefnu jafn eindreginn stuðning og á Íslandi.

Höfundur er stofnivistfræðingur hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.